

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi á Akranesi.

*Breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, Tindaflöt 16, Akranesi.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 26. nóvember 2002, var samþykkt breyting á deiliskipulagi Flatahverfis, Tindaflöt 16, Akranesi.

Um er að ræða snúningsás við enda götu sem tekinn er af lóðinni nr. 16 við Tindaflöt.

Deiliskipulagsbreytingin var kynnt samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Engar athugasemdir bárust.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Akranesi, 9. desember 2002.*

**Ólöf Guðný Valdimarsdóttir** skipulagsfulltrúi.